

REGLUGERÐ

um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 2004.

1. gr.

Á fjárhæðir tekjutryggingar og tekjutryggingarauka skv. 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og fjárhæð heimilisuppbótar skv. 9. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, skal greiða uppbætur sem hér segir á árinu 2004:

- a) Í júlí 2004 20% uppbót á þessar fjárhæðir vegna orlofsuppbótar.
- b) Í desember 2004 30% uppbót á þessar fjárhæðir vegna desemberuppbótar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. gr., sbr. 65. gr., laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 15. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 449/2003.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 26. maí 2004.

Jón Kristjánsson.

Ragnheiður Haraldsdóttir.

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

Deiliskipulag fyrir Tjarnarhverfi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 16. mars 2004 samþykkt deiliskipulag fyrir Tjarnarhverfi.

Deiliskipulagið tekur til svæðis sunnan byggðar í Innri Njarðvík.

Greinargerðir og uppdættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 27. maí 2004.

Viðar Már Aðalsteinsson,
framkvæmdastjóri umhverfis- og skipulagssviðs.